



Mosfellsbær

Endurskoðunar- skýrsla 2023

Endurskoðunarskýrsla 2023

Ársreikningur 2023

—

Maí 2024





Efnisyfirlit

01	Inngangur	3
02	Niðurstöður endurskoðunar	4
03	Umfang endurskoðunar	5
04	Veruleg áhætta	6
05	Aðrar áherslur í endurskoðun	7
06	Endurskoðunarnálgun	20
07	Ítarefni	21
08	Viðaukar	26

Inngangur

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar

Þessi skýrsla inniheldur niðurstöður endurskoðunar okkar á ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2023 auk upplýsinga í samræmi við kröfur 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014, sbr. lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019, sem fjallar um upplýsingar sem endurskoðendum eininga tengdum almannahagsmunum ber að veita endurskoðunarnefnd (byggðaráði).

Skýrsluna ætti að lesa í samhengi við áætlun okkar um endurskoðunina sem ykkur var send í febrúar sl. Við munum fúslega ræða þau mál frekar sem fram koma í skýrslunni.

Endurskoðuninni er lokið. Ekki hafa orðið verulegar breytingar frá áætlun okkar um endurskoðunina.

Við gerum ráð fyrir að árita ársreikning sveitarfélagsins með fyrirvaralausri áritun þegar sveitarstjórn hefur samþykkt hann og undirritað og mál sem fram koma á blaðsíðu 4 eru frágengin.

Við viljum benda ykkur á mikilvæg atriði á blaðsíðu 24 sem útskýra:

- tilganginn með skýrslunni;
- hvaða takmarkanir eru á vinnunni sem fram fór,
- takmörkun á dreifingu skýrslunnar.

Undirritun

Skýrsla þessi var kynnt fyrir bæjarstjórn Mosfellsbæjar samhliða fyrri umræðu um ársreikning í bæjarstjórn þann 24. apríl 2024.

Endurskoðun á ársreikningi Mosfellsbæjar vegna ársins 2023 er lokið og við munum árita ársreikninginn 8. maí 2024. Haraldur Örn Reynisson, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins.

Reykjavík, 8. maí 2024.

KPMG ehf.

Haraldur Örn Reynisson

Haraldur Örn Reynisson, áritunarpartner, KPMG ehf.

Helstu niðurstöður endurskoðunar

Áherslur í endurskoðun

- Möguleg sniðganga stjórnenda á eftirliti
- Stjórnsýsluskoðun
- Ekki voru skilgreindir lykilþættir (e. key audit matters)

Óleiðréttir mismunir

Bls 11-12

Vanmat/(ofmat)	m.kr.	%
Kostnaður	5	1,3%
Rekstrarniðurstaða	(5)	1,3%
Heildareignir	22	0,1%
Heildarskuldur	27	0,1%
Eigið fé	(5)	0,1%

Mál frágengin samhliða seinni umræðu um ársreikning

- Staðfestingabréf stjórnenda
- Afgreiðsla og áritun bæjarstjórnar
- Undirrituð áritun endurskoðanda
- Lokaútgáfa endurskoðunarskýrslu

Mikilvægi

190 m.kr.



Greint frá skekkjum yfir



9,5 m.kr.

Endurskoðunarnálgun

- Ekki hafa orðið breytingar á endurskoðunarnálgun frá því sem áður hefur verið kynnt.

Veikleikar í innra eftirliti

Bls. 7

Verulegir veikleikar í innra eftirliti

0

Aðrir veikleikar í innra eftirliti

6

Veikleikar sem brugðist hefur verið við

1

Í sérstakri skýrslu okkar til stjórnenda höfum við komið á framfæri ábendingum vegna innra eftirlits.

Umfang endurskoðunar

- Umfang endurskoðunar okkar nær yfir samantekin reikningskil A og B hluta en undir hann falla sveitarsjóður, stofnanir og fyrirtæki þess, sbr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Yfirlit yfir umfang endurskoðunar má sjá á bls. 5

Veikleikar í stjórnsýslu

- Ekki komu fram verulegir veikleikar við könnun okkar á stjórnsýslu.
- Í sérstakri skýrslu okkar til stjórnenda höfum við komið á framfæri ýmsum ábendingum í kjölfar stjórnsýsluskoðunar okkar.

Viðeigandi reikningsskilaaðferðir, reikningshaldslegt mat og upplýsingar í ársreikningi

- Við endurskoðunina höfum við lagt mat á reikningsskilaaðferðir, reikningshaldslegt mat og upplýsingar í ársreikningi.
- Við höfum yfirfarið reikningshaldslegt mat stjórnenda og teljum helstu þætti þess viðeigandi. Reikningshaldslegt mat stjórnenda er varfærið.

Umfang endurskoðunar

Sjóður / félag		Hlutfall tekna	Hlutfall eigna	Nálgun	Endurskoðandi
Mosfellsbær		92,5%	96,1%	Endurskoðaður ársreikningur	KPMG
<i>Aðalsjóður</i>	<i>A hluti</i>				
<i>Eignasjóður</i>	<i>A hluti</i>				
<i>Þjónustustöð</i>	<i>A hluti</i>				
<i>Fasteignafélagið Lækjarhlíð ehf.</i>	<i>A hluti</i>				
<i>Vatnsveita</i>	<i>B hluti</i>				
<i>Fráveita</i>	<i>B hluti</i>				
<i>Félagslegar íbúðir</i>	<i>B hluti</i>				
<i>Hjúkrunarheimili</i>	<i>B hluti</i>				
<i>Hlégarður</i>	<i>B hluti</i>				
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	<i>A hluti</i>	1,1%	0,5%	Endurskoðaður ársreikningur	<i>Grant Thornton</i>
Sorpa bs	<i>B hluti</i>	1,5%	1,2%	Endurskoðaður ársreikningur	<i>Grant Thornton</i>
Strætó bs	<i>B hluti</i>	2,5%	0,4%	Endurskoðaður ársreikningur	<i>Grant Thornton</i>
Hitaveita Mosfellsbæjar	<i>B hluti</i>	2,4%	1,8%	Endurskoðaður ársreikningur	KPMG
		100,0%	100,0%		

Umfang endurskoðunar okkar nær yfir samstæðuársreikning sveitarfélagsins en undir hann falla sveitarsjóður, stofnanir og fyrirtæki þess, sbr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga.

Við mat á umfangi er horft til tekna hvorrar einingar sem fellur undir samstæðuna og er hlutfallsleg skipting sýnd hér að ofan.

Verulega áhætta

01 Möguleg sniðganga stjórnenda á eftirliti

Lýsing á áhættu

- Stjórnendur eru í þeirri aðstöðu að geta átt við fjárhagsfærslur og sett fram röng reikningsskil með því að sniðganga eftirlitsaðgerðir sem annars virðast vera skilvirkar og þannig haft áhrif á reikningsskilin.

Endurskoðunin

- Við skilgreindum og prófuðum virkni eftirlitspátta með færslum og lokafærslum.
- Við lögðum mat á hvort breytingar á aðferðum og forsendum við reikningshaldslegt mat á milli ára væru viðeigandi og hvort hætta hafi skapast á hlutdrægni stjórnenda.
- Við skoðuðum veruleg viðskipti sem eru ekki hluti af hefðbundinni starfsemi sveitarfélagsins eða eru óvenjuleg að einhverju leyti og mátum hvort þau væru viðeigandi.
- Við leituðum að sviksemisfærslum með sjálfvirkum aðgerðum og gagnagreiningum.

Niðurstöður okkar

Engar vísbendingar komu fram um sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.

Aðrar áherslur í endurskoðun

02 Innra eftirlit og fjárhagskerfi

Skilgreining

- Innra eftirlit og virkni þess er veigamikill þáttur í að tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóti tjón af villum, mistökum eða misnotkun.
- Stjórnendur eru í aðstöðu til að eiga við fjárhagsfærslur og geta sett fram röng reikningsskil með því að sniðgagna eftirlitsaðgerðir sem annars virðast vera skilvirkar og þannig haft áhrif á reikningsskilin.

Viðbrögð í endurskoðuninni

- Með fyrirspurnum, yfirferð fundargerða og skoðun á gögnum hefur endurskoðunarteymi metið styrkleika þess eftirlitsumhverfis sem til staðar er.
- Lykilferlar voru yfirfarnir með það að markmiði að bera kennsl á eftirlitsþætti sem stjórnendur hafa komið á til að bregðast við hættu á verulegri skekkju.
- Aðgreining starfa var könnuð t.d. með yfirferð á heimildum starfsmanna, aðgangsstýringum og öðrum þáttum í upplýsingakerfum sveitarfélagsins.
- Úrtaksprófanir voru framkvæmdar til staðfestingar á annars vegar réttmæti og tilurð kostnaðar og hins vegar til yfirferðar á heimildum aðila til samþykktar.
- Við prófuðum eftirlit stjórnenda með framvindu fjárhagsáætlana.

Niðurstöður okkar

Enginn verulegur veikleiki kom fram við skoðun okkar á innra eftirliti. Við viljum hins vegar benda á að sökum víðtækra heimilda í fjárhagskerfum er aðgreining starfa í ákveðnum tilfellum ekki nægilega góð. Stjórnendur sveitarfélagsins eru meðvitaðir um þann veikleika í innra eftirliti.

Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur í sérstakri skýrslu.

Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2024.

Aðrar áherslur í endurskoðun

03 Stjórnsýsluskoðun

Lýsing á áhættu

- Lagareglur gilda um form ákvarðana um álagningu skatta og þjónustugjalda og ákvarðana um hvers kyns útgjöld sveitarfélaga.
- Séu ákvarðanir ekki teknar í samræmi við lög kann að leika vafi á heimildum til álagningar skatta og gjalda og ráðstöfunar fjármuna.

Endurskoðunin

- Kannað var hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.
- Í því sambandi var kannað hvort sveitarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykktu er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Niðurstöður okkar

Ekki komu fram verulegar athugasemdir við stjórnsýsluskoðun okkar.

Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni.

Auk þess komum við ábendingum til sveitarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi stjórnsýslu og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.

Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2024.

Aðrar áherslur í endurskoðun

04 Rekstrartekjur

Skilgreining

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyrir útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söliverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

Sundurliðun rekstrartekna má sjá í skýringu 4 með ársreikningi.

Endurskoðunin

Við endurskoðun okkar á útsvari og framlögum frá Jöfnunarsjóði var stuðst við ytri gögn frá Fjársýslu ríkisins og Jöfnunarsjóði og samanburði við önnur gögn.

Endurskoðun annarra tekna fól m.a. í sér úrtaksskoðun annarra tekna, prófun eftirlitsaðgerða, greiningaraðgerðir, staðfestingar við undirliggjandi gögn, yfirferð á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun.

Niðurstöður okkar

Við gerum ekki athugasemdir við færslu rekstrartekna í ársreikningi sveitarfélagsins.

Aðrar áherslur í endurskoðun

05 Laun og launatengd gjöld

Skilgreining

Laun og launatengd gjöld námu 9.466 millj. kr. vegna ársins 2023 eða um 47% af heildartekjum sveitarfélagsins.

Sundurliðun launa og tengdra gjalda má sjá í skýringu 5 með ársreikningi.

Endurskoðunin

Endurskoðun launa og launatengdra gjalda fól meðal annars í sér framkvæmd greiningaraðgerða, staðfesting á samkvæmni gjaldfærslu fjárhagsbókhalds og útreiknings launakerfis.

Niðurstöður okkar

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Aðrar áherslur í endurskoðun

06 Annar rekstrarkostnaður

Skilgreining

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Annar rekstrarkostnaður nam 7.721 millj. kr. á árinu 2023 eða um 38% af heildartekjum sveitarfélagsins.

Endurskoðunin

Endurskoðun fól í sér úrtaksskoðun auk þess að leggja mat á eftirlitsaðgerðir tengdar öðrum rekstrarkostnaði.

Farið var yfir samþykki kostnaðarreikninga og staðfest að það væri í samræmi við úthlutaðar heimildir.

Niðurstöður okkar

Ein skekkja kom fram við endurskoðunina þar sem reikningur dagsettur 2023 var bókaður á árinu 2024 að fjárhæð 4,5 millj. kr.

Af þeim sökum er rekstraniðurstaða, skammtímaskuldir og eigið fé vanmetið sem þessari fjárhæð nemur.

Að öðru leiti er niðurstaða okkar án athugasemda.

Aðrar áherslur í endurskoðun

07 Varanlegir rekstrarfjármunir

Skilgreining

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti, ef endurmetið verð þeirra er 5% umfram bókfært verð, sbr. álit reikningsskila og upplýsinganefndar 2/2010.

Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning. Endurmat á árinu var jákvætt um 650 millj. kr.

Framsetning í ársreikningi eru óbreytt frá fyrra ári, sjá nánar í skýringu 8 með ársreikningi.

Endurskoðunin

Yfirferð og endurreikningur á fyrningaskýrslum og gjaldfærslu afskrifta sem og áætluðum líftíma eigna.

Yfirferð á fjárfestingum með samanburði við undirgögn.

Farið var yfir samanburð fjárfestinga og fjárfestingaáætlunar og skýringa leitað á helstu frávikum.

Yfirferð á forsendum og útreikningi vegna endurmats lóða og lendna.

Engin breyting er á endurskoðunarnálgun okkar frá fyrra ári.

Niðurstöður okkar

Við endurskoðunina komu fram tvær skekkjur þar sem reikningar dagsettir 2023 voru bókaðir á árinu 2024 samtals að fjárhæð 22 millj. kr.

Af þeim sökum eru varanlegri rekstrarfjármunir og skammtímaskuldir vanmetið sem þessari fjárhæð nemur.

Að öðru leiti er niðurstaða okkar án athugasemda.

Aðrar áherslur í endurskoðun

08 Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Skilgreining

Stofnframlög og eignarhlutir A og B hluta í félögum nema alls 146 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi 2023.

Stærstu eignarhlutir í árslok voru;

- 1,5% eignarhlutur í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. sem bókfærður er á 132 millj. kr.
- stofnframlag til Brynju húsfélags hses. sem bókfært er á 8 millj. kr. í A og B hluta.

Framsetning og matsaðferðir í ársreikningi eru óbreyttar frá fyrra ári, sjá nánar í skýringu 9 með ársreikningi.

Endurskoðunin

Við endurskoðun okkar á eignarhlutum í félögum yfirforum við m.a. bókfært virði á eignarhlutum og réttmæti reikningshaldslegrar meðferðar þeirra og framsetningu.

Engin breyting er á endurskoðunarnálgun okkar frá fyrra ári.

Niðurstöður okkar

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Aðrar áherslur í endurskoðun

09 Langtímakrafa vegna hjúkrunarheimilis

Skilgreining

Langtímakrafa vegna leigusamnings við Ríkissjóð vegna leigu á hjúkrunarheimili er færð meðal Langtímakrafna. Krafa myndast vegna samnings við ríkið sem kveður á skuldbindingu þessa til að leigja 85% af umræddri eign á ákveðnu leiguverði til 40 ára.

Leigukrafan er reiknuð til samræmis við álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga.

Heimilt er að draga núvirði leigukröfu frá skuldum við útreikning á skuldaviðmiði.

Framsetning og matsaðferðir í ársreikningi eru óbreyttar frá fyrra ári, sjá nánar í skýringu 11 með ársreikningi.

Endurskoðunin

Farið var yfir framsetningu og útreikning á leigukröfu á Ríkissjóð.

Engin breyting er á endurskoðunarnálgun okkar frá fyrra ári.

Niðurstöður okkar

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Aðrar áherslur í endurskoðun

10 Óinnheimtar tekjur og aðrar skammtímakröfur

Skilgreining

Óinnheimtar tekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða.

Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu.

Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

Í árslok nemur niðurfærsla annarra óinnheimtra tekna 23 millj. kr. og óinnheimtra skatttekna 528 millj. kr.

Framsetning og matsaðferðir í ársreikningi eru óbreyttar frá fyrra ári, sjá nánar í skýringu 13 með ársreikningi.

Endurskoðunin

Við endurskoðun okkar staðfestum við m.a. skattkröfur með samanburði við ytri gögn og forúm yfir mat stjórnenda á niðurfærslu krafna sem við teljum vera varfærið.

Engin breyting er á endurskoðunarnálgun okkar frá fyrra ári

Niðurstöður okkar

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Aðrar áherslur í endurskoðun

11

Lífeyrisskuldbinding

Skilgreining

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem skuldbinding í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2023.

Um er að ræða skuldbindingu vegna áunninna réttinda núverandi og fyrrverandi starfsmanna í B deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og A deild Brúar Lífeyrissjóðs.

Lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins og útreikningur hennar er byggður á afmörkuðum reglum og lögum. Lykilbreytur í útreikningi eru samræmdar fyrir alla útreikninga lífeyrisskuldbindinga og eru m.a. byggðar á töflum yfir lífs- og dánarlíkur ásamt örorkulíkum sem hafa verið staðfestar af fjármála- og efnahagsráðuneyti Stjórnendur geta því ekki haft áhrif á þessar lykilbreytur.

Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi eins og gerð er grein fyrir í skýringu 15 í ársreikningi.

Framsetning og matsaðferðir í ársreikningi eru óbreyttar frá fyrra ári, sjá nánar í skýringu 15 með ársreikningi.

Tryggingafræðilegt endurmat á A deild Brúar

Árið 2016 ákvað Alþingi að samræma lífeyrisréttindi á opinbera markaðnum við það sem gerist á almenna markaðnum. Í lögnum var ákveðið að áunnin réttindi þeirra sem höfðu náð sextugsaldri við gildistöku laganna eða höfðu hafið töku lífeyris skyldi tryggð og myndi hvorki hækka né lækka frá því.

Í kjölfarið á því var á árinu 2017 gert uppgjör á halla A deildarinnar sem byggði á tryggingafræðilegu mati og greiddu sveitarfélög framlög til Brúar vegna þessa.

Á árinu 2023 var lokið við endurmat á tryggingafræðilegu mati A deildarinnar. Niðurstaða þess mats var að sveitarfélögin þyrftu að greiða viðbótarframlög til Brúar til að standa undir lífeyrisréttindum þeirra sem tryggð voru með lagasetningunni árið 2016.

Reiknuð lífeyrisskuldbinding Mosfellsbæjar vegna þessa nemur 81 millj. kr. og er færð meðal lífeyrisskuldbindingar í efnahagsreikning. Sama fjárhæð er færð til gjalda í rekstrarreikningi árið 2023.

Endurskoðunin

Endurskoðun lífeyrisskuldbindinga fól meðal annars í sér mat á hæfi og yfirferð á aðferðum tryggingastærðfræðings sem reiknar út skuldbindinguna.

Fengin var staðfesting frá tryggingastærðfræðingi um óhæði hans.

Einnig yfirforum við undirliggjandi gögn og forsendur ásamt því að yfirfara breytingar á forsendum útreikninga frá fyrra ári.

Engin breyting er á endurskoðunarnálgun okkar frá fyrra ári.

Niðurstöður okkar

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Aðrar áherslur í endurskoðun

12

Skuldir við lánastofnanir

Skilgreining

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um.

Á hverjum reikningsskiladegi er viðkomandi lán fært upp miðað við gildandi vísitölu eða gengi uppgjörsdags ef lán er í erlendri mynt.

Áfallnir vextir eru uppreiknaðir og færðir meðal skammtímaskulda ef þeir eru greiðslukræfir innan 12 mánaða.

Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Í útboðsskilmálum tiltekinna skuldabréfaflokka sem sveitarfélagið hefur gefið út eru fjárhagsleg viðmið er lúta að lögbundnum fjárhagslegum viðmiðum sem kveðið er á um í 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Á árinu 2020 var nýju ákvæði bætt við umrædd lög til bráðabirgða þar sem sveitarstjórnnum var heimilað að víkja frá þeim fjárhagslegu viðmiðum sem kveðið er á um í framangreindu ákvæði á árunum 2020-2025

Því er litið svo á að fjárhagsskilyrði framangreindra skuldabréfaflokka séu uppfyllt í árslok 2023 þó svo að rekstrarjöfnuður A og B hluta sveitarfélagsins sé neikvæður.

Framsetning og matsaðferðir í ársreikningi eru óbreyttar frá fyrra ári, sjá nánar í skýringu 17 með ársreikningi.

Endurskoðunin

Við endurskoðun okkar höfum við m.a. aflað staðfestinga frá fjármálastofnunum um stöðu skulda í árslok, beitt greiningaraðgerðum, endurreiknað fjárhagsskilyrði og yfirfarið framsetningu.

Engin breyting er á endurskoðunarnálgun okkar frá fyrra ári.

Niðurstöður okkar

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Aðrar áherslur í endurskoðun

13 Leiguskuldir

Skilgreining

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

Leiguskuldir eru færðar til skuldar meðal langtímaskulda, sbr. álit Reikningsskila- og upplýsingarnefndar nr. 1 frá 2010.

Framsetning í ársreikningi eru óbreyttar frá fyrra ári, sjá nánar í skýringu 18 með ársreikningi.

Endurskoðunin

Farið var yfir forsendur í útreikningi leiguskulda og þær bornar saman við leigusamninga.

Farið var yfir framsetningu í ársreikningi.

Engin breyting er á endurskoðunarnálgun okkar frá fyrra ári.

Niðurstöður okkar

Niðurstöður okkar eru án athugasemda.

Endurskoðunarnálgun

Skýring á breytingu á endurskoðunarnálgun frá fyrra ári

Efnahagsreikningur	Endurskoðunarnálgun	Skýringa á breytingu frá fyrra ári	Matsaðferð	Áhrif breytinga frá fyrra ári
1 Varanlegir rekstrarfjármunir	●	Engin breyting á endurskoðunarnálgun frá fyrra ári	Kostnaðarverð	Ekki viðeigandi
2 Stofnframlög og eignarhlutir í félögum		Engin breyting á endurskoðunarnálgun frá fyrra ári	Kostnaðarverð.	Ekki viðeigandi
3 Samrekstrareiningar		Engin breyting á endurskoðunarnálgun frá fyrra ári	Kostnaðarverð	Ekki viðeigandi
4 Óinnheimtar tekjur og aðrar skammt.kröfur		Engin breyting á endurskoðunarnálgun frá fyrra ári	Kostnaðarverð	Ekki viðeigandi
5 Handbært fé	●	Engin breyting á endurskoðunarnálgun frá fyrra ári	Kostnaðarverð	Ekki viðeigandi
6 Lífeyrisskuldbinding		Engin breyting á endurskoðunarnálgun frá fyrra ári	Tryggingafræðilegt mat	Ekki viðeigandi
7 Skuldir við lánastofnanir og leiguskuldir		● Engin breyting á endurskoðunarnálgun frá fyrra ári	Kostnaðarverð	Ekki viðeigandi
8 Aðrar skammtímaskuldir	●	Engin breyting á endurskoðunarnálgun frá fyrra ári	Kostnaðarverð	Ekki viðeigandi

● Prófun á virkni eftirlits ● Gagnaprófun ● Greiningaraðgerðir

* Byggt á endurskoðuninni teljum við að matsaðferðir vera í samræmi við kröfur alþjóðlegra endurskoðunarstaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Ítarefni

Efnisyfirlit

bls.

Upplýsingar sem skylt er að veita	21
Óhæði	22
Fyrirvarar	23

Upplýsingar sem skylt er að veita

Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar innihalda ákvæði um skyldu til að upplýsa stjórn, endurskoðunarnefnd og framkvæmdastjóra um málefni sem tilgreind eru í töflunni. Að kröfum alþjóðlegra endurskoðunarstaðla þá höfum við upplýst ykkur um atriði hér að neðan þegar það á við.

Atriði sem við upplýsum um	Endurskoðunar- áætlun	Niðurstöður endurskoðunar
Skyldur okkar í tengslum við endurskoðun ársreikningsins	Bls 3	<input type="radio"/>
Yfirlit um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunar okkar og áætlað form, tímasetning og almennt innihald upplýsingagjafar	Bls 11-12	<input type="radio"/>
Afstaða okkar til mikilvægra þátta í reikningsskilum sveitarfélagsins, þar á meðal reikningsskilareglur, matsþættir og skýringar í ársreikningi	<input type="radio"/>	Bls 4
Sviksemi eða grun um sviksemi sem komið hefur upp við endurskoðunina sem varðar stjórnendur, starfsmenn sem mikilvægu hlutverki hafa að gegna við innra eftirlit og aðra þar sem sviksemi leiðir til verulegrar skekkju í ársreikningnum, nema óheimilt sé að upplýsa um slíkt á grundvelli laga eða reglugerða	<input type="radio"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Þekkt brot eða grun um brot á lögum eða reglum sem fram hafa komið við endurskoðunina, nema að um sé að ræða augljóslega smávægileg atriði eða að slík upplýsingagjöf sé óheimil á grundvelli laga eða reglugerða. Ef slík atvik eru talin vera af ásetningi og mikilvæg munum við upplýsa um þau eins fljótt og unnt er	<input type="radio"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Upplýsingar um atburði eða aðstæður sem kunna að valda verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins og mikilvæg tengd atriði	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Mikilvæg atriði sem fram koma við endurskoðunina um tengda aðila félagsins	<input type="radio"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Mikilvæg atriði sem rædd eru við stjórnendur eða þeir upplýstir um með öðrum hætti	<input type="radio"/>	Bls 7-8
Önnur mikilvæg atriði sem tengjast eftirliti með reikningsskilum félagsins	<input type="radio"/>	Bls 7-8
Verulegir erfiðleikar við endurskoðunina	<input type="radio"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Yfirlit um nálgun við endurskoðun fjárhagsupplýsinga eininga í samstæðunni og eðli þátttöku endurskoðunarteymis samstæðunnar við endurskoðun á fjárhagsupplýsingum mikilvægra eininga í henni	Bls 3	Bls 5
Atvik þar sem mat endurskoðunarteymis samstæðunnar á vinnu endurskoðanda einingar í samstæðu gefa ástæðu til að draga í efa gæði vinnu sem endurskoðandi einingar hefur innt af hendi, takmarkanir á endurskoðun samstæðu eða sviksemi eða grun um sviksemi tengd stjórnendum samstæðunnar, einingum í samstæðunni, starfsmönnum sem hafa mikilvæg hlutverk í eftirlitsþáttum samstæðunnar eða öðrum þar sem sviksemi hefur leitt til verulegrar skekkju í samstæðuársreikningi	<input type="radio"/>	<input checked="" type="checkbox"/>

Ekkert til að upplýsa um



©2024 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

Upplýsingar sem skylt er að veita^(frh.)

Atriði sem við upplýsum um	Endurskoðun-áætlun	Niðurstöður endurskoðunar
Beiðni um staðfestingarbréf stjórnenda	○	Bls 4
Atvik sem leitt geta til þess að endurskoðandi breyti endurskoðunaráritun, hafi ábendingu eða skýringarmálgrein í árituninni eða upplýsi um skekkju í öðrum upplýsingum eins og ársskýrslu.	○	✓
Óleiðrétta mismuni að meðtöldum atriðum sem sleppt hefur verið að greina frá eða upplýsa um	○	✓
Verulegir veikleika í innra eftirliti sem komu fram við endurskoðunina	○	✓
Óhæði endurskoðanda		
<ul style="list-style-type: none"> Staðfesting á því að við höfum uppfyllt allar viðeigandi siðareglur er varða óhæði Tengsl og önnur atriði sem sem gætu haft áhrif á óhæði okkar Varúðarráðstafanir sem beitt hefur verið til að eyða eða draga með fullnægjandi hætti úr ógnun við óhæði 	Bls 13	Bls 23
Hvort við höfum fengið allar upplýsingar og skjöl sem krafist er að endurskoðendur samrekstrareininga veiti okkur		Bls 5
Hvort við höfum fengið skriflega staðfestingu frá öðrum endurskoðendum en KPMG og/eða ytri sérfræðingum til okkar um að ekki hafi komið upp ógn við óhæði á meðan á endurskoðun stóð		Bls 23

✓ Ekkert til að upplýsa um



Óhæði

Við útgáfu þessarar skýrslu staðfestum við að það ekki hafa komið upp atriði sem skerða óhæði okkar eða draga úr hlutleysi.

Sem endurskoðunarfyrtæki erum við skuldbundin til að vera óháð í reynd og í ásýnd. Við höfum metið og staðfest óhæði okkar sem endurskoðenda og óhæði allra starfsmanna okkar sem koma að endurskoðuninni.

Alþjóðlegur endurskoðunarstaðall ISA 260 og lög um endurskoðendur kveða á um skyldu okkar til að upplýsa um öll mál sem ætla má að geti haft áhrif á óhæði okkar, tilgreina þær varúðarráðstafanir sem gripið hefur verið til vegna þeirra mála og að staðfesta óhæði okkar.

Í samræmi við siða- og óhæðisreglur ber öllum eigendum og starfsmönnum KPMG að staðfesta árlega að þeir hafi farið að reglum um óhæði, þar á meðal að þeir eigi ekki fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem ganga gegn óhæðisreglum.

Við staðfestum að þóknun KPMG fyrir aðra þjónustu en þjónustu sem tengist endurskoðun hefur ekki áhrif á óhæði okkar sem endurskoðendur. Felst sú þjónusta í aðstoð við framsetningu fjárhagsáætlunar og skattframtalsgerð.

Eftir að hafa farið yfir framangreint og önnur viðeigandi atriði er það mat okkar að KPMG sé óháð í samræmi við lög, reglur og endurskoðunarstaðla.

Fyrirvari

Skýrslan er gerð í samræmi við skilmála ráðningabréfs okkar um endurskoðun.

- Takmörkuð heimild er til dreifingar á skýrslunni.
- Efni skýrslunnar er eingöngu byggt á aðgerðum sem eru nauðsynlegar við endurskoðun okkar.

Tilgangur skýrslunnar

Skýrslan hefur verið gerð í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2023, sem gerður hefur verið í samræmi við lög um ársreikninga.

Skýrslan er gerð fyrir stjórnendur, sem við teljum vera bæjarstjórn og bæjarstjóri, í því skyni að upplýsa um atriði sem máli geta skipt samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA), þar á meðal samkvæmt ISA 260 Samskipti við stjórnendur, og önnur atriði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar og teljum að geti verið áhugaverð, en ekki í neinu öðru skyni.

Í skýrslunni eru tilgreind lykilatriði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar en ekki er um að ræða endurtekningu á atriðum sem við höfum þegar tilkynnt ykkur um.

Við vekjum sérstaka athygli á kynningu okkar í byrjun endurskoðunar, þar sem fjallað var um skyldur ykkar og okkar, niðurstöður áhættumats okkar og aðrar upplýsingar um endurskoðunaráætlunina.

Takmarkanir á vinnu

Skýrslan er aðskilin frá áritun endurskoðanda og veitir ekki viðbótarálit á ársreikningi sveitarfélagsins. Skýrslan bætir ekki við eða breytir skyldum okkar sem endurskoðenda.

Við höfum ekki skipulagt eða framkvæmt aðrar aðgerðir en þær sem okkur ber sem endurskoðendum í því skyni að koma auga á eða miðla til ykkar upplýsingum um þau atriði sem fram koma í þessari skýrslu.

Atriði í skýrslunni eru byggð á þekkingu sem við höfum aflað sem endurskoðendur ykkar. Við höfum ekki sannreynt nákvæmni eða heild slíkra upplýsinga að öðru leyti en því sem af okkur er krafist í tengslum við endurskoðunina.

Takmarkanir á dreifingu

Skýrslan er gerð á þeim grundvelli að hún er aðeins í þágu sveitarfélagsins, að ekki verði vitnað í hana eða vísað til hennar að hluta eða í heild án fyrirfram veitts skriflegs samþykkis okkar og að við samþykkjum ekki neina ábyrgð gagnvart þriðja aðila í tengslum við hana.

Gæði í endurskoðun okkar

Gæði fela í sér að gera hið rétta og er helsta forgangsverkefni okkar. Gæðarammi KPMG útskýrir hvernig við skilum gæðavinnu og hvernig allir eigendur og starfsmenn leggja sitt af mörkum til þess.


Áherslur í Gæðaramma KPMG byggja á gæðastjórnunarkerfi sem er í samræmi við alþjóðlegan gæðastjórnunarstaðal (ISQM 1). Gæðastjórnunarkerfið uppfyllir einnig kröfur alþjóðlegra siðareglna fyrir endurskoðendur sem gilda um endurskoðunarfyrtæki.

Gæði í endurskoðun

Við skilgreinum **gæði í endurskoðun** þegar endurskoðunin er unnin:

með samræmdum hætti í takt við kröfur og tilgang **faglegra staðla** innan áreiðanlegs **gæðastjórnunarkerfis**, og

allar aðgerðir okkar eru unnar í umhverfi þar sem gerðar eru ytrustu kröfur um **hlutlægni, óhæði, siðferði og heiðarleika**.



Gerum ávallt hið rétta

Viðaukar

Efnisyfirlit

bls.

Lykiltölur og fjárhagsáætlanir

27

Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2024-2027

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru eitt mikilvægasta stjórnæki þeirra. Samkvæmt sveitastjórnarlögum tekur áætlanagerðin til næstu fjögurra ára.

Stefna stjórnenda til lengri tíma birtist þannig í fjárhagsáætlun sem er nánar útfærð í áætlun næsta árs.

Sveitarstjórn hefur afgreitt áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun fyrir sveitarfélagið allt til ársins 2027 eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Athygli er vakin á að sem hluti af aðgerðum í tengslum við Covid 19 er sveitarstjórnnum heimilað að víkja frá skilyrðum 1. og 2. tölul., 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga við stjórn sveitarfélagsins, þ.e. um jafnvægisreglu og skuldahlutfall, á tímabilinu frá 2021 til 2025. Gangi áætlanir eftir mun Mosfellsbær standast viðmið um rekstrarjöfnuð og skuldahlutfalli í lok árs 2025.

Samkvæmt samþykktum áætlunum er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu öll árin sem áætlanir ná til.

Sjá nánar blaðsíðu 28 þar sem fjallað er um þróun rekstrar og veltufjár frá rekstri til ársins 2027 í samanburði við fjárþörf vegna greiðslubyrði lána og fjárfestinga A og B hluta samkvæmt samþyktri áætlun.

Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2024-2027

Hér að neðan má sjá þróun rekstrar og veltufjár frá rekstri til ársins 2027 í samanburði við fjárþörf vegna greiðslubyrði lána og fjárfestinga A og B hluta samkvæmt samþykktri áætlun. Fjárhæðir eru birtar í þús. kr.

	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027
Rekstrartekjur	16.446.221	20.304.985	21.657.633	23.336.610	25.465.610	27.648.946
Rekstrargjöld án afskrifta	(15.021.214)	(17.620.684)	(18.648.042)	(20.041.841)	(21.877.918)	(23.773.054)
Afcoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði	1.425.007	2.684.302	3.009.591	3.294.769	3.587.692	3.875.892
Afskriftir	(596.728)	(589.605)	(611.278)	(787.347)	(877.552)	(957.024)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1.706.965)	(1.733.336)	(1.400.049)	(1.134.115)	(1.037.998)	(992.193)
Tekjuskattur	(19.440)	(20.036)	(29.229)	(28.489)	(28.928)	(29.366)
Rekstrarniðurstaða	(898.126)	341.325	969.034	1.344.818	1.643.214	1.897.309
Veltufé frá rekstri, skv. stjórðstreymi	1.232.865	1.935.433	2.052.121	2.310.806	2.581.800	2.871.755
Afborganir langtímalána og leiguskulda	(1.526.621)	(1.684.390)	(1.650.360)	(1.354.898)	(1.356.262)	(1.372.865)
(Fjárþörf) greiðsluafgangur	(293.756)	251.043	401.761	955.908	1.225.538	1.498.890
Uppsafnaður afgangur - eftir afborganir lána og leiguskulda 2024-2027			401.761	1.357.669	2.583.207	4.082.097
Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins 2024-2027			(3.616.598)	(3.828.622)	(3.623.622)	(2.471.622)
Uppsöfnuð fjárþörf - vegna fjárfestinga 2024-2027			(3.616.598)	(7.445.220)	(11.068.842)	(13.540.464)
Lántökur tímabilsins 2024-2027			2.500.000	2.350.472	2.019.118	673.880
Uppsöfnuð lántaka - vegna fjárfestinga 2024-2027			2.500.000	4.850.472	6.869.590	7.543.470
Uppsöfnuð fjárþörf - samtals 2024-2027			(714.837)	(1.237.079)	(1.616.045)	(1.914.897)
Rekstrarjöfnuður skv. sveitarsjórnarlögum	(1.986.180)	(1.104.017)	412.233	2.655.177	3.957.066	4.885.341
Heildarskuldir	22.064.373	24.225.792	26.374.147	28.214.105	29.572.972	29.482.873
Skuldaviðmið, skv. skilgreiningu í reglugerð	104,4%	94,5%	99,5%	99,7%	95,6%	86,7%

Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2024-2027

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.).


Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Athygli er vakin á að sem hluti af aðgerðum í tengslum við Covid 19 er sveitarstjórnnum heimilað að víkja frá skilyrðum 1. og 2. tölul., 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga við stjórn sveitarfélagsins, þ.e. um jafnvægisreglu og skuldahlutfall, á tímabilinu frá 2021 til 2025.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um þróun rekstrarjafnaðar fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2021, 2022 og 2023 er rekstrarniðurstaða miðuð við ársreikning og samanlagða ársreikninga samruna sveitarfélaga fyrir viðkomandi ár, en 2024 til 2027 í samræmi við áætlaða rekstrarniðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Rekstrarjofnuður á þriggja ára tímabili



Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2024-2027

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal við yfirferð sína á ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, athuga hvort sveitarfélag uppfyllir viðmið um rekstur og skuldastöðu, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun ef þeir hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu eða skuldastöðu sveitarfélagsins. Athugun á skilgreindum viðmiðum og lykiltölum eru meðal annarra þátta grundvöllur heildarmats eftirlitsnefndar á fjárhagsstöðu og fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga.


Ein af þeim lykiltölum sem miðað er við er framlegð sem hlutfall af reglulegum tekjum. Framlegð er samkvæmt skilgreiningu reglulegar tekjur að frádregnum rekstrargjöldum, en án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun framlegðarhlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2022 og 2023 er miðað við ársreikning viðkomandi árs, en 2024 til 2027 er miðað við áætlaða niðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Að okkar mati er rétt að meta framlegðarhlutfall sveitarfélags í samhengi við skuldahlutfall þess.

Framlegðarhlutfall



Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2024-2027

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.).

Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.


Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldahlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2022 og 2023 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2024 til 2027 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldahlutfall



Lykiltölur og fjárhagsáætlanir 2024-2027

Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.


Samkvæmt gildandi reglugerð skal draga veltufjármuni frá heildarskuldum við útreikning en áður var hreint veltufé dregið frá heildarskuldum við útreikning skuldaviðmiðs.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldaviðmiðs fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2022 og 2023 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2024 til 2027 í samræmi við áætlaða breytingu á skuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldaviðmið





kpmg.com/socialmedia

Upplýsingar í skjali þessu eru almennar og er ekki ætlað að ná til aðstæðna tiltekins einstaklings eða lögaðila. Þó að við leitumst við að veita nákvæmar og tímanlegar upplýsingar er ekki um að ræða neina tryggingu fyrir því að slíkar upplýsingar séu nákvæmar á þeim degi sem tekið er við þeim eða að þær verði nákvæmar í framtíðinni. Enginn ætti að taka ákvarðanir á grundvelli slíkra upplýsinga nema leita fyrst viðeigandi ráðgjafar sem taka myndi mið af aðstæðum viðkomandi aðila.

©2024 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.